

Hmf Borgfirðingur

Stjórnarfundur 13. september 2023

Mættir: Eypór Gíslason, Sigurbór Ágústsson, Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Þórdís Arnardóttir, Gunnar Halldóttir og Kristín Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð

Fengum úthlutað pening frá Borgarbyggð, framkvæmdasjóð. Sem dreifðist á öll verkefni (sótt um 4). Fengum minna en áður, 1.196.000.- Tillaga um að færa peninginn á færri verkefni til að byrja með. Laga brekkuna – drena og kaupa klæðningu utan á félagsheimilið ef einhver afgangur verður. Reynir Magnússon er tilbúinn að taka að sér verkefnið að laga brekkuna. Byrjar sem fyrst og klárað.

Reiðveganefnd. Nýr eigandi á Múlakoti vill ekki að lagður verður nýr vegur í gegn hjá sér. Eypór vill halda fund með eigandanum og ná sáttum með vegstæði. En annars er áherslan lögð á að klára leiðina Brennistaðir – Gufuá.

Gunnar benti á að hægt væri að sækja um í íþróttasjóð Rannís. Sjá heimasíðu ísí.

Mótin. Hugmynd kom fram um samstarf við nágrannafélögin um mótin. Skiptast á að halda þau. Síðasta vetur voru mjög mörg mót á stuttum tíma hjá Borgfirðing.

Sláttur á brekkunni og svæðinu. Björgvin sá um brekkuna. Leigjandi að höllinni ætlaði að beita miðjuna og svæðið í kring en hætti snögglega. Marteinn sá þá um hreinsun með ruddasláttuvélinni.

Firmakeppnin. Á að hætta með hana? Mjög fáir sem mæta. Firmanefndin er ekki fastanefnd og þarf því ekki að vera. Spurning um að breyta í fjölskylduskemmtun.

Uppskeruhátíðin. Nefndin hefur hafið störf. Þarf að fara að auglýsa og biðja keppendur um senda inn upplýsingar um árangur sinn í keppnum ársins.

Þarf að skerpa á ýmsu varðandi tilnefningar fyrir verðlaun og viðurkenningar.

Þarf að finna tíma fyrir aðalfund og hafa samband við uppstillingarnefnd til að finna nýja menn í stjórn fyrir þá sem hætta.

Landsþing LH verður haldið í Borgarnesi 2024. Skipa nefnd til að sjá um það. Búið að fastsetja dag í október og tala við hótelin um að taka frá herbergi. Þingið sjálft yrði í Hjálmakletti ásamt kvöldverði og skemmtun.

Næsti fundur verður 11. október. Fundi slitið 20.50